



Matvælasjóður

HANDBÓK

Haut 2020



Efnisyfirlit

Formáli.....	4
1 Almennar upplýsingar varðandi Matvælasjóð	4
1.1 Um Matvælasjóð	4
1.2 Stjórn	4
1.3 Fagráð	4
1.4 Sérfræðingar	5
1.5 Trúnaður og hæfisreglur.....	5
2 Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda	5
2.1 Styrkjaflokkar.....	5
2.2 Kelda	5
2.2.1 Formkröfur Keldu.....	6
2.3 Bára.....	6
2.3.1 Formkröfur Báru	7
2.4 Afurð	7
2.4.1 Formkröfur Afurð.....	7
2.5 Fjár sjóður	8
2.5.1 Formkröfur Fjár sjóðs	8
3 Viðurkenndur og ekki viðurkenndur kostnaður	8
3.1 Hvaða kostnaður er samþykktur	8
3.1.1 Laun	9
3.1.2 Rekstrarkostnaður	9
3.1.3 Aðkeypt þjónusta.....	9
3.1.4 Ferðakostnaður	9
3.1.5 Samrekstur og aðstaða	9
3.2 Hvaða kostnaður er ekki samþykktur.....	9
4 Umsóknir	10
4.1 Eyðublöð til útfyllingar	10
4.1.1 Umsókn í Báru.....	10
4.1.2 Umsókn í Keldu, Afurð og Fjár sjóð	10
4.2 Önnur gögn.....	11
4.3 Skil umsókna	11



4.4	Hvaða þarf að hafa í huga við umsókn	11
4.5	Ferli umsókna	12
4.6	Forskoðun	12
4.7	Mat fagraðs.....	12
4.8	Yfirferð stjórnar og ákvörðun um styrkveitingu	12
4.9	Samningur.....	13
4.10	Greiðslur til verkefna	13
4.11	Eftirfylgni	13
4.12	Eignarréttur á niðurstöðum.....	13
5	Matsblað.....	14
5.1	Matsþættir.....	14
5.1.1	Nýnæmi	14
5.1.2	Áhrif	14
5.1.3	Framkvæmd	15



Formáli

Handbók Matvælasjóðs er nú gefin út í fyrsta skipti og er hún ætluð fyrir umsækjendur, fagráð og aðra sem að sjóðnum koma. Markmið handbókarinnar er að auka gegnsæi ferlisins fyrir alla sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests að styrkveitingu og utanumhaldi um veittan styrk. Í handbókinni eru ýmsar gagnlegar upplýsingar og til að handbókin gegni hlutverki sínu eru allir sem koma að ferlinu (umsækjendur og fagráðsmenn) hvattir til að lesa hana í heild sinni.

1 Almennar upplýsingar varðandi Matvælasjóð

1.1 Um Matvælasjóð

Matvælasjóður var stofnaður með lögum nr. 31, 30. apríl 2020. Matvælasjóður er samkeppnissjóður.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Horft er til að stuðningur við matvælaframleiðslu verði sem næst uppruna hennar.

Sjóðnum er einnig heimilt að styðja við vöruþróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum. Sjóðurinn fylgir eftir heimsmarkmiðum Sameinuðupjóðanna. Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga og lögaðila.

Markmið sjóðsins er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna. Ráðstöfunarfé Matvælasjóðs samanstendur af fjárveitingu af fjárlögum hverju sinni og öðrum tekjum eftir því sem þeim er til að dreifa.

Úthlutað er úr sjóðnum árlega og skal stjórn Matvælasjóðs auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Auglýsingar og frekari upplýsingar birtast á heimasíðu sjóðsins.

1.2 Stjórn

Matvælasjóður lýtur stjórn fjögurra manna sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nöfn stjórnarmanna er að finna á heimasíðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins mótar stefnu fyrir sjóðinn og ber undir ráðherra til samþykktar.

Stjórn sjóðsins starfar á grundvelli laga um Matvælasjóð og starfsreglum sem stjórn hefur sett. Starfsreglum Matvælasjóðs er ætlað að auka gegnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð stjórnar sjóðsins. Stjórn Matvælasjóðs gerir tillögu um úthlutun styrkja og leggur fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til ákvörðunar.

1.3 Fagráð

Stjórn sjóðsins skipar fagráð til fjögurra ára í senn. Fagráð skal skipað allt að sjö einstaklingum. Fagráð er til ráðgjafar um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum. Jafnframt er fagráð ráðgefandi fyrir stjórn sjóðsins eftir því sem óskað er. Fagráð er fyrir hvern flokk styrkja og ef þess er þörf er möguleiki að hafa fleira en eitt fagráð fyrir hvern flokk en það fer eftir fjölda umsókna sem berast í viðkomandi flokk.



1.4 Sérfræðingar

Sérfræðingar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis veita upplýsingar um starfsemi sjóðsins. Tekið er við fyrirspurnum í gegnum tölvupóst á netfangið matvælasjodur@anr.is. Umsækjendum er bent á að kynna sér vel það efni sem er á heimasíðu sjóðsins.

1.5 Trúnaður og hæfisreglur

Stjórnarmenn, fagráðsmenn, sérfræðingar og aðrir sem koma að umsýslu umsókna í sjóðinn eru bundnir trúnaði. Farið er með allar umsóknir, fylgigögn þeirra og matsblöð sem trúnaðarmál. Að matsferli loknu skal varðveita umsókn og matsblöð í skjalasafni ráðuneytisins. Stjórn, fagráð og sérfræðingar eru meðvituð um að birting eða ólögmet nýting trúnaðarupplýsinga geta valdið eigendum þeirra tjóni.

Stjórn sjóðsins hefur sett hæfisreglur sem stjórnarmenn og fagráðsmenn hafa kynnt sér. Hæfisreglur sjóðsins er að finna á heimasíðu sjóðsins.

2 Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda

2.1 Styrkjaflokkar

Markmið sjóðsins er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna. Því hefur stjórn sjóðsins ákveðið að veita styrki í 4 styrkjaflokkum Keldu, Báru, Afurð og Fjárjóður.

Yfirlit yfir flokka	Kelda	Bára	Afurð	Fjárjóður
Fyrir hverja?	Alla lögaðila.	Einstaklinga og fyrirtæki, skilyrði fyrir fyrirtæki er að árleg velta sé undir 300 m.kr. eða voru stofnuð fyrir minna en 5 árum.	Einstaklingar og fyrirtæki.	Fyrirtæki.
Tilgangur	Afla nýrrar þekkingar sem stuðlar að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu.	Kanna fýsileika, greina eða útfæra hugmynd tengda íslenskri matvælaframleiðslu.	Þróa afurðir sem auka nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu.	Að styrkja markaðsinnviði og markaðssókn afurða tengdum íslenskri matvælaframleiðslu.
Hámarks tímalengd	12 mánuðir.	6 mánuðir.	12 mánuðir.	12 mánuðir.
Hámarksstyrkur	30 m.kr.	3 m.kr.	30 m.kr.	30 m.kr.
Mótframlag	Að lágmarki 20% af heildarkostnaði verkefnis.	Nei.	Að lágmarki 30% af heildarkostnaði verkefnis.	Að lágmarki 50% af heildarkostnaði verkefnis.

2.2 Kelda

Kelda styrkir rannsóknaverkefni sem miða að því að skapa nýja þekkingu. Orðið kelda kemur úr forn norrænu og merkir uppspretta. Kelda er uppspretta nýrrar þekkingar. Styrkir eru veittir til að hægt sé að afla nýrrar þekkingar sem stuðlar að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu.



Skilyrði styrkjaflokksins er að rannsóknin tengist matvælaframleiðslu, þannig getur verið um að ræða frumhráefni eða aukaafurðir sem til verða í framleiðsluferlinu.

Kelda hefur það markmið að skapa nýja þekkingu sem stuðlar að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og/eða samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu.

Hlutdeild aðalumsækjanda í styrkuppþæð getur ekki farið niður fyrir 30% af heildarstyrkuppþæð.

2.2.1 Formkröfur Keldu

Ef umsókn uppfyllir ekki formkröfur flokksins þá er hún ekki tekin til efnislegrar meðhöndlunar. Þær kröfur sem m.a. eru gerðar til umsóknar í Keldu eru að skila þarf inn umsóknareyðublaði ásamt stuðningsblaði.

Umsækjendur eru hvattir til að gera raunhæfa verk-, tíma- og kostnaðaráætlun þannig að hún standist að mestu leyti ef gengið er til samninga um verkefnið. Ef umfang verkefnisins minnkar um 25% frá upphaflegri áætlun verður mat verkefnisins endurskoðað.

Formkröfur	Já	Nei
Er hlutdeild aðalumsækjanda í heildarkostnaði í samræmi við kröfur flokksins?		
Er mótframlag umsækjanda í samræmi við kröfur?		
Umbeðin gögn fylgja?		
Gögn uppfylla kröfur?		

2.3 Bára

Bára styrkir verkefni á hugmyndastigi. Nafngiftin tengist því að bára fleytir þér áfram og markmið er að styrkur úr Báru fleyti hugmynd yfir í verkefni. Málshátturinn „sjaldan er ein báran stök“ merkir að gæta þeirrar fyrirhyggju að maður þoli nokkur áföll og því þarf að undirbúa jarðveginn vel ef umsókn í Báru á að leiða til stærra verkefnis þar sem frumkvöðlar mæta ýmsum hindrum. Í Báru leita einstaklingar og fyrirtæki sem velta árlega undir 300 m.kr. eða eru stofnuð fyrir minna en 5 árum og vilja skoða hugmynd, hráefni eða aðferðir sem stuðla að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og/eða samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Markmiðið er að gefa aðilum svigrúm til að greina og meta hvort að hugmyndin sé fýsileg.

Dæmi um verkþætti sem eru styrkhæfir:

- Gerð viðskiptaáætlunar
- Hagkvæmnisathugun
- Tilraunir með hráefni
- Prófun aðferða
- Vinna við útfærslu hugmynda

Aldur fyrirtækis miðast við stofndag til dagsetningar umsóknarfrests. Opinber fyrirtæki/stofnanir geta ekki verið aðalumsækjandi í Báru. Meðumsækjendur í umsókn geta verið fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir, opinberar stofnanir/hlutafélög eða einstaklingar. Hlutdeild aðalumsækjanda í styrkuppþæð getur ekki farið niður fyrir 30% af heildarstyrkuppþæð.

Kostnaður vegna markaðsinnviða getur numið allt að 20% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn (umsókn er vísað frá ef farið er yfir þessi mörk og verður ekki metin af fagraði).



2.3.1 Formkröfur Báru

Ef umsókn uppfyllir ekki formkröfur flokksins þá er hún ekki tekin til efnislegrar meðhöndlunar. Athuga að við umsókn í Báru þarf að skila inn myndbandi að kynningu.

Formkröfur	Já	Nei
Er umsækjandi einstaklingur eða fyrirtæki með árlega veltu undir 300 m.kr. eða var stofnað fyrir minna en 5 árum.		
Er hlutdeild aðalumsækjanda í heildarkostnaði í samræmi við kröfur flokksins?		
Umbeðin gögn fylgja?		
Gögn uppfylla kröfur?		

2.4 Afurð

Afurð styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi en ekki tilbúin til markaðssetningar. Styrkjaflokkurinn leiðir af sér afurð en afurð merkir það sem er framleitt er í verkefninu. Líta má á þennan flokk styrkja sem tækifæri fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að móta og þróa afurð og gera afurðina verðmætari í ferlinu. Afurðirnar eiga að auka nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Verkefnin geta verið á ólíkum stað og geta til að mynda verið enn á byrjunarstigi eða jafnvel á lokastigum áður en markaðssetning hefst. Skilyrði flokksins er að verið sé að vinna með hráefni sem tengist matvælaframleiðslu, þannig getur verið um að ræða frumhráefni eða aukaafurðir sem til verða í framleiðsluferlinu.

Opinber fyrirtæki/stofnanir geta ekki verið aðalumsækjandi í Afurð. Meðumsækjendur í umsókn geta verið fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir, opinberar stofnanir/hlutafélög eða einstaklingar. Hlutdeild aðalumsækjanda í styrkuppþæð getur ekki farið niður fyrir 30% af heildarstyrkuppþæð.

Mikilvægt er að umsækjendur vinni samhliða að þróunarstarfi, hagkvæmnisathugunum og uppbyggingu á markaðsinnviðum.

2.4.1 Formkröfur Afurð

Ef umsókn uppfyllir ekki formkröfur flokksins þá er hún ekki tekin til efnislegrar meðhöndlunar. Því er mikilvægt að skoða hvaða formkröfur eru gerðar fyrir mismunandi styrkjaflokka. Þær kröfur sem m.a. eru gerðar til umsóknar í Afurð eru að skila þarf inn umsóknareyðublaði ásamt stuðningsblaði.

Kostnaður vegna markaðsinnviða getur numið allt að 30% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn (umsókn er vísað frá ef farið er yfir þessi mörk og verður ekki metin af fagráði). Umsækjendur eru hvattir til að gera raunhæfa verk-, tíma- og kostnaðaráætlun þannig að hún standist að mestu leyti ef gengið er til samninga um verkefnið. Ef umfang verkefnisins minnkar um 25% frá upphaflegri áætlun verður mat verkefnisins endurskoðað. Hámark vegna hagkvæmnisathugana er ekki skilgreint en gera þarf grein fyrir þeim kostnaði í umsókninni og færa rök fyrir honum. Viðurkenndir verkþættir eru skilgreindir í kafla 3 hér á eftir.

Formkröfur	Já	Nei
Er aðalumsækjandi einstaklingur eða fyrirtæki		
Er hlutdeild aðalumsækjanda í heildarkostnaði í samræmi við kröfur flokksins?		
Er mótframlag umsækjanda í samræmi við kröfur?		



Umbeðin gögn fylgja?		
Gögn uppfylla kröfur?		

2.5 Fjársjóður

Fjársjóður styrkir fyrirtæki vegna sérstaks markaðsátaks en einnig uppbyggingu innviða fyrirtækisins sem tengjast sókn á markaði. Fjársjóður er samansafn verðmætra hluta og markmið flokksins er að styrkja fyrirtæki til að koma sínum verðmætum á framfæri. Skilyrði styrkjaflokksins er að varan sé afurð úr hráefnum sem ætlað er til matvælaframleiðslu. Þannig getur varan eða þjónustan verið aukaafurð sem verður til við framleiðslu á matvælum. Tilgangurinn er að veita styrk til fyrirtækja til að styrkja markaðsinnviði og markaðssókn afurða tengdum íslenskrum matvælaframleiðslu og stuðla þannig að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Hlutdeild aðalumsækjanda í styrkuppþæð getur ekki farið niður fyrir 30% af heildarstyrkuppþæð.

Dæmi um verkþætti sem eru samþykktir og athuga að listinn er ekki tæmandi;

- Gerð markaðsáætlunar
- Hönnun (til dæmis heimasíðu, vörumerkis)
- Ráðgjöf í sölu- og markaðsmálum,
- Ráðstefnur, sýningar eða fyrirlestrar með það að markmiði að tengjast söluaðilum eða neytendum

Þannig er kostnaður vegna rannsóknar- eða þróunarvinnu ekki samþykktur í þessum styrkjaflokki.

2.5.1 Formkröfur Fjársjóðs

Ef umsókn uppfyllir ekki formkröfur flokksins þá er hún ekki tekin til efnislegrar meðhöndlunar. Þær kröfur sem m.a. eru gerðar til umsóknar í Fjársjóð eru að skila þarf inn umsóknareyðublaði ásamt stuðningsblaði. Umsækjendur eru hvattir til að gera raunhæfa verk-, tíma- og kostnaðaráætlun þannig að hún standist að mestu leyti ef gengið er til samninga um verkefnið. Ef umfang verkefnisins minnkar um 25% frá upphaflegri áætlun verður mat verkefnisins endurskoðað.

Formkröfur	Já	Nei
Er aðalumsækjandi fyrirtæki?		
Er hlutdeild aðalumsækjanda í heildarkostnaði í samræmi við kröfur flokksins?		
Er mótframlag umsækjanda í samræmi við kröfur?		
Umbeðin gögn fylgja?		
Gögn uppfylla kröfur?		

3 Viðurkenndur og ekki viðurkenndur kostnaður

Umsækjendur þurfa að kynna sér hvaða kostnaður er styrkhæfur og hvaða ekki. Þetta getur verið misjafnt milli styrkjaflokka. Ef vafi leikur á því hvort kostnaður sé viðurkenndur er umsækjendum bent á að hafa samband við sérfræðinga sjóðsins.

3.1 Hvaða kostnaður er samþykktur

Sé ekki annað tekið fram þá á lýsingu á því hvaða kostnaður er samþykktur við alla styrkjaflokka Matvælasjóðs.



3.1.1 Laun

Matvælasjóður styrkir launakostnað. Ekki þurfa allir þátttakendur að vera nafngreindir þegar umsóknarfrestur rennur út en vinnuframlag allra þátttakenda sem sótt er um laun fyrir verður að vera skilgreint í umsókn. Athuga skal að sjóðurinn styrkir ekki greiðslu launa til þeirra sem eru á fullum launum í öðrum störfum (þ.m.t. lífeyrisþega) og greiðslu á yfirvinnu.

Umsækjendur skulu hafa til hliðsjónar almenna kjarasamninga og stofnanasamninga við útreikning launa. Launakostnaður miðast við heildarlaun og athuga að taka þarf tillit til launatengdra gjalda. Ekki er hægt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa.

3.1.2 Rekstrarkostnaður

Hægt er að sækja um kostnað vegna nauðsynlegra aðfanga fyrir verkefnið. Gera þarf grein fyrir öllum rekstrarkostnaði og sundurliða kostnað á stuðningsskjali sem fylgir umsókn. Óútskýrður kostnaður verður ekki samþykktur.

3.1.3 Aðkeypt þjónusta

Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila og hvað þjónustan kostar. Undir þennan lið fellur vinna sem ekki er unnin af þátttakendum í verkefninu, en er nauðsynleg fyrir framgang þess. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu og sundurliða kostnað á stuðningsskjali sem fylgir umsókn.

3.1.4 Ferðakostnaður

Færa skal inn áætlaðan heildarkostnað vegna ferða utanlands og innanlands. Útskýra þarf tilgang þeirra ferða sem áætlaðar eru á styrktíma.

3.1.5 Samrekstur og aðstaða

Hægt er að sækja um allt að 15% af sóttum styrk, að aðkeyptri þjónustu undanskilinni, til að fjármagna samrekstur og aðstöðu.

Um er að ræða kostnað vegna skrifstofu- og rannsóknaraðstöðu svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga, bóka- og tímaritakaup, kaup og rekstur á tölvubúnaði o. fl. Upphæðin fyrir samrekstur og aðstöðu skal vera innifalin í heildarupphæð sóttis styrks.

3.2 Hvaða kostnaður er ekki samþykktur

Matvælasjóður styrkir ekki eftirfarandi

- Framleiðslu söluvöru.
- Fjárfestingu í hráefnum og tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Gæðaúttekt og/eða vottun á framleiðsluferli er ekki viðurkenndur kostnaður.
- Afborganir skulda, vaxtagjöld og lántökukostnað.
- Kostnaður vegna einkaleyfa.
- Stofnun fyrirtækis og kostnað vegna starfsleyfi fyrirtækis.
- Kostnaður við að birta auglýsingar.
- Kostnaður vegna kynningar og framsetningar afurða í verslunum.



- Markaðskostnaður er ekki styrkhæfur í Keldu, en í Báru er heimilt að 20% kostnaðar sé markaðskostnaður og í Afurð er heimilt að 30% kostnaðar sé markaðskostnaður. Undir markaðskostnað fellur m.a. markaðsgreining, ferðir á sölusýningar og ráðgjöf vegna sölu- og markaðsstarfs, undirbúningur markaðsstarfs og bein markaðssetningu á söluvöru.
- Til viðbótar þá styrkir Bára ekki
 - o Innleiðingu á þjónustu og ferlum
 - o Gerð markaðsefnis
 - o Undirbúningur og kostnaður vegna funda, ráðstefna eða sýninga
 - o Fjármögnun verkefnis, kostnaður vegna öflunar fjármagns til verkefnisins og skrif á styrkumsóknum
 - o Námskeiðshald/að fara á námskeið
 - o Kaup á tækjabúnaði/tækjum (þ.m.t. hugbúnaði)
- Fjársjóður styrkir ekki:
 - o Þróun vöru, þjónustu eða framleiðsluferils.
 - o Umbreyting eða aðlögun afurða fyrir ný markaðssvæði (t.d. þýðingar og ný virkni).

4 Umsóknir

4.1 Eyðublöð til útfyllingar

Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu sjóðsins.

4.1.1 Umsókn í Báru

Þar sem Bára er sniðin að verkefnum á hugmyndastigi þá er krafist annarra fylgigagna en í öðrum styrkjaflokkum Matvælasjóðs. Umsækjandi skal skila inn annað hvort vefslóð á myndband þar sem verkefnið er kynnt eða pdf af glærुकynningu. Sjá hér að neðan kröfur.

- **Myndbandið** má ekki vera lengra en 5 mínútur. Umsækjendur eiga að nota myndbandsveitur eins og Youtube, Vimeo eða aðrar sambærilegar síður. Myndbandið þarf að vera aðgengilegt á vefnum þar til ákvörðun hefur tekið ákvörðun um úthlutun.
- **Glærुकynning** að hámarki 10 glærur sem unnar eru í PowerPoint eða öðru sambærilegu forriti. Kynningin á að vera á PDF formi þegar hún er send inn. Ekki er tekið við skrá stærri en 10 MB. Æskilegt er að glærur séu einfaldar, skýrar og hnitmiðaðar.

4.1.2 Umsókn í Keldu, Afurð og Fjársjóð

Skila skal inn að lágmarki umsóknareyðublaði og stuðnings skjali. Bæði þessi skjöl er að finna á heimasíðu sjóðsins. Því er um að ræða 2 skjöl sem fylla skal út. Hér á eftir er farið yfir liði umsóknareyðublaðs.

4.1.2.1 Skráning umsókna

Þegar skilað er inn umsókn er það gert í gegnum vef Stjórnarráðsins þar sem verður að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða íslykli. <https://minarsidur.stjr.is/web/login.html>

Óskað er eftir ýmsum grunnupplýsingum við skráningu umsókna. Óskað er eftir tengiliða upplýsingum og grunn upplýsingum um verkefnið. Eins er óskað eftir gögnum um landsvæði verkefnis og kynjagögnum sem eru í takt við jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins. Jafnréttismál og leiðir til að stuðla að jafnri stöðu óháð kyni er virkur þáttur í störfum ráðuneytisins.



4.1.2.2 Umsóknareyðublað

Um verkefnið; Þessi kafli inniheldur ítarlegri lýsingu á verkefninu ásamt markmiðum þess. Gera skal m.a. grein fyrir markaði, þörf afurðar, samkeppni og eiginleikum vöru.

Nýnæmi; Í þessum kafla skal rökstyðja hvert nýnæmi vörunnar er hvað varðar ferli og tækni og eins hvort um sé að ræða framlag til nýrrar þekkingar.

Áhrif; Þegar rætt er um hvaða verðmæti felast í afurðinni er fyrst og fremst horft til viðskiptalegra markmiða en í þessum kafla er einnig rætt um hagnýtingu og framlag til annarra veðmætasköpunar. Til að mynda áhrif á sjálfbæra þróun.

Framkvæmd; Þessi kafli tekur á stjórnskipulagi verkefni, áætlunum og forsendum þeirra, gott er að sýna myndrænt hvernig verkþættir vinnast og hvaða vörður séu í verkefninu. Einnig skal setja fram verk-, tíma- og fjárhagsáætlanir.

Heimildaskrá; Mikilvægt er að vitnað sé í heimildir þegar við á, til að mynda um stærð markaða, fyrri rannsóknir o.s.frv.

Viðaukar; Leyfilegt er að hafa ítarefni og viðhengi með umsókn en það skal vísa í það (ásamt blaðsíðutali ef við á) í umsókn. Ekki skal gera ráð fyrir að fagráðsmenn lesi viðhengi og því skal taka fram allar upplýsingar á umsóknareyðublaði sem umsækjandi telur að þurfi að koma fram.

4.1.2.3 Stuðningsskjal

Stuðningsskjalið er til að auðvelda umsækjendum og fagráðsmönnum vinnu við umsókn. Í skjalið skal setja inn sundurliðun á kostnaði, tekjum og fjármögnun á verkefni. Athugið að þetta á eingöngu við um verkefnið þannig að ef fyrirtæki er í rekstri þá skal ekki taka núverandi tekjur inn.

4.2 Önnur gögn

Leyfilegt er að skila inn öðrum gögnum með umsókninni s.s. skýrslum eða öðru sem styður við umsóknina. Hér er þó um viðbótar fylgigögn að ræða sem fagráðsmenn þurfa ekki að taka tillit til í mati. Ætlast er til að umsækjendur vísi í þau, t.d. blaðsíðutal, þegar við á og skýri á hvern hátt þau styðja við umsóknina. Í þeim tilfellum sem um samstarfsverkefni er að ræða eru umsækjendur hvattir til að senda inn viljayfirlýsingu um samstarf frá verðandi samstarfsaðilum. Umsækjendum gefst kostur á að kynna hugmyndina með stuttu myndbandi (ekki lengra en 5 mín.), þar sem þeir hafa möguleika á að kynna verkefnið enn frekar fyrir matsmönnum. Myndbandið gefur umsækjendum kost á að gefa matsmönnum sýn á verkefnið sem hugsanlega er erfitt að koma á framfæri í texta. Því er mikilvægt að vanda til verka og hafa myndbandið hnitmiðað. Myndbandinu skal komið til skila sem hlekk á vefsíðu (s.s. vimeo, youtube eða öðrum sambærilegum síðum) á rafræna skráningareyðublaðinu.

4.3 Skil umsókna

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum í gegnum vef Stjórnarráðsins. Innskráningar er krafist með rafrænum skilríkjum eða íslykli. <https://minarsidur.stjr.is/web/login.html>


4.4 Hvaða þarf að hafa í huga við umsókn

Þegar sótt er um styrk í Matvælasjóð er mikilvægt að fara yfir þær kröfur sem eru gerðar til umsókna og sjá til þess að þær séu uppfylltar til að umsóknin fái mat fagráðs. Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga



- Tengist verkefnið áherslum Matvælasjóðs, þ.e. er verkefnið styrkhæft?
- Eyðublöð sem skila þarf eru að minnsta kosti 2, umsóknareyðublað með öllum upplýsingum um verkefnið og stuðningsskjali þar sem gert er ítarlega grein fyrir tekjum og kostnaði og forsendum þessara liða. (Athuga að þetta á ekki við Báru).
- Skoða þarf vel hvort að kostnaður sem sótt er um styrk fyrir sé samþykktur kostnaður og hvort allir verkþættir séu styrkhæfir.
- Er búið að skoða hvort formkröfur og lágmarkskröfur séu uppfylltar

4.5 Ferli umsókna



4.6 Forskoðun

Eftir að umsóknarfrestur er liðinn fara sérfræðingar Matvælasjóðs yfir allar umsóknir sem bárust. Gerð er forskoðun á umsóknum. Ef umsókn uppfyllir ekki formkröfur styrkjaflokksins og lágmarkskröfur Matvælasjóðs þá fær umsóknin ekki efnislega umfjöllum fagráðs. Til að umsókn fái fullt mat þarf umsókn að uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur og formkröfur viðkomandi styrkjaflokks.

- Verkefnið er innan starfssviðs sjóðsins
- Verkefnið uppfyllir skilyrði flokksins
- Lýsing á stöðu þekkingar fullnægjandi
- Umsókn stenst formkröfur sjóðsins

Uppfylli umsókn lágmarkskröfur ásamt formkröfum viðkomandi styrkjaflokks fer umsóknin í mat hjá fagráði.

4.7 Mat fagráðs

Umsóknum sem berast fagráði er skipt niður á fagráðsmenn. Þeir lesarar innan fagráðsins eru skráðir á hverja umsókn. Fagráðsmenn hafa ekki vitneskju um mat annarra fagráðsmanna á umsókn fyrr en þeir hafa skilað sínu mati inn. Þegar allar umsóknir hafa verið metnar af lesurum viðkomandi fagráðs er farið yfir mat fagráðsmanna og fá allar umsóknir umsögn frá fagráði.

4.8 Yfirferð stjórnar og ákvörðun um styrkveitingu

Röðun umsókna frá fagráði er lögð fyrir stjórn Matvælasjóðs. Stjórn Matvælasjóðs gerir tillögu um úthlutun styrkja og leggur fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til ákvörðunar.



Úthlutun er tilkynnt á vef Matvælasjóðs. Í framhaldi af tilkynningu er öllum umsóknum svarað og umsækjendum send umsögn fagráðs.

4.9 Samningur

Forsvarsmenn þeirra verkefna sem hljóta styrk eru boðaðir á samningafund, sem skal halda innan tveggja mánaða frá tilkynningu um úthlutun. Á samningafundi yfirfara sérfræðingar sjóðsins umsóknir og kostnaðaráætlanir með forsvarsmönnum og leita skýringa á öllum kostnaðarliðum áður en gengið er frá samningi. Einnig er farið yfir tímalengd verkefnisins og upphæð styrks. Við úthlutun er möguleiki á því að umsækjandi fái ekki alla þá upphæð sem sótt var um í Matvælasjóð.

Undirrituðum samningi, ásamt samstarfssamningi ef umsækjendur eru fleiri en einn, skal skila til Matvælasjóðs innan tveggja vikna frá samningafundi. Berist undirritaður samningur, og samstarfssamningur ef við á, ekki innan fyrrgreindra tímamarka og sé ekki um annað samið sérstaklega fellur styrkur niður.

Styrkþegar hafa heimild til nota merki Matvælasjóðs í birtingu á styrktaraðilum og eða textann: „Verkefnið var styrkt af Matvælasjóð, styrknúmer...”, á ensku: “This work was supported by The Icelandic Food Innovation Fund, grant number...”.

4.10 Greiðslur til verkefna

Í samningi er kveðið á um greiðslu skiptingu greiðslna og hverju styrkþegi ber að skila á tilteknum tíma. Standi styrkþegi ekki við skuldbindingar sínar er tilgreint í samningi hvernig tekið verður á því. Séu vanefndir umtalsverðar verður framlagið dregið til baka og krafist endurgreiðslu þess til sjóðsins.

Hefjist verkefni ekki innan eins árs frá úthlutun styrks fellur styrkveiting niður. Séu málefnalegar ástæður fyrir töfum er heimilt að veita frest í allt að sex mánuði.

Sé ekki um annað samið er framlag greitt í tvennu lagi:

- greiðsla - 50% þegar samningur er undirritaður.
- greiðsla - 50% þegar lokaskýrslu er skilað. Skilafrestur er tilgreindur í samningi.

4.11 Eftirfylgni

Lokaskýrsla, undirrituð af endurskoðanda eða fjármálastjóra fyrirtækis/stofnunar eða forsvarsmanna verkefnis, skal veita greinargott yfirlit yfir framvindu verkefnisins, hindranir og hvata og lýsa vel niðurstöðum verkefnisins. Meðfylgjandi skal vera hreyfingalisti úr bókhaldi og/eða sundurliðað kostnaðaruppgjör vegna verkefnisins, ásamt yfirliti yfir framlög allra þátttakenda þar með talið vinnuframlag og nýjasti ársreikningur fyrirtækisins. Greint skal einnig frá hvernig þátttakendur hyggjast nota niðurstöðurnar til frekari framþróunar. Með lokaskýrslu skal fylgja stuttur úrdráttur sem sjóðnum er heimilt að birta í skýrslu um starfsemi sína og á vefsíðu Matvælasjóðs.

4.12 Eignarréttur á niðurstöðum

Almenn regla er að eignar- og nýtingarréttur á niðurstöðum og afrakstri sé í samræmi við framlag hvers og eins. Viðtakendum framlaga sjóðsins ber eins og kostur er að vernda eignar- og nýtingarrétt niðurstaðna. Sé stuðningur dreginn til baka vegna vanefnda eignast sjóðurinn allar niðurstöður verkefnisins sem skilað hefur verið til hans og getur hann þá birt þær kvaðalaust. Þátttakendur í samstarfsverkefnum sem studd eru af sjóðnum skulu gera samning sín í milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum.



5 Matsblað

Verkefni eru metin út frá þremur flokkum, nýnæmi, áhrifum og framkvæmd. Hér að neðan má sjá vægi einstakra þátta í mati á verkefnum.

	Kelda	Bára	Afurð	Fjársjóður
1. Nýnæmi	60%	30%	30%	10%
Tækni og ferlar	30%	100%	100%	100%
Framlag til þekkingar og aðferða	70%	0%	0%	0%
2. Áhrif	20%	50%	40%	50%
Notkunarmöguleikar – Verðmæti sem leiða af verkefninu	30%	40%	30%	30%
Bolmagn og tengsl til að hagnýta niðurstöður	40%	30%	50%	50%
Tengsl við stefnu sjóðsins	30%	30%	20%	20%
3. Framkvæmd	20%	20%	30%	40%
Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun	70%	100%	80%	80%
Gildi þverfaglegs samstarfs og/eða fjölbreytni hópsins	30%		20%	20%

5.1 Matsþættir

5.1.1 Nýnæmi

Mikilvægt er að nýnæmi sé til staðar í verkefnum þar sem stuðla á að því að auka samkeppnishæfni íslenskrar matvælavinnslu. Lagt er mat á nýnæmi með því að meta hvort að verkefnið leiði til nýsköpunar í tækni og ferlum og einnig hvort það leiði til nýrrar þekkingar.

5.1.1.1 Nýnæmi, tækni og ferli

Lítil breyting		Yfirfærsla á tækni eða ferlum		Uppbygging á nýrri tækni eða ferlum	
Engin breyting á tækni eða ferlum.	Hagnýtir þekktu tækni eða ferla með minniháttar breytingum.	Hagnýtir þekktu tækni eða ferla á nýstárlegan hátt.	Leiðir til umbóta á þekktu tækni eða ferlum.	Leiðir til verulegra umbóta á þekktu tækni eða ferlum.	Verkefnið getur leitt til nýrrar tækni eða ferla sem áður var óþekkt á viðkomandi sviði.

5.1.1.2 Nýnæmi, framlag til þekkingar

Lítið framlag		Nokkur framlag		Mikið framlag	
Verkefnið bætir óverulegu við núverandi þekkingu á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar en hefur takmarkað hagnýtt gildi.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar en ólíklegt er að þekkingin leiði til umbóta á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og er grunnur að talsverðum umbótum á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og er grunnurinn að verulegum umbótum á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar sem er áður óþekkt á viðkomandi sviði.

5.1.2 Áhrif

Áhrif verkefnis eru metin með 3 liðum. Horft er til verðmætasköpunar af verkefninu, hagnýtingar á niðurstöðum og tengingar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Í þessum matsþætti er horft til mögulegra áhrifa afurðar og hugsanlegra afleiddra tækifæra. Það skiptir miklu máli varðandi mat á verkefnum hversu vel umsækjandi setur fram og skilgreinir afurðir þess og verðmæti þar sem



við á. Verðmætasköpun er skilgreind út frá þekkingaröflun og þeim verðmætum sem til verða í þjóðfélaginu, hvort sem varan er áþreifanleg vara eða almenn lausn samfélagslegra vandamála.

Í umsókn er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig staðið er að þekkingaryfirfærslu afurðar. Mikilvægt er að gera grein fyrir stöðu þekkingar og hvaða áhrif ný þekking hefur á samfélagslegar áskoranir samtímans.

Verðmætasköpun

Lítill verðmæti		Nokkur verðmæti		Mikil verðmæti	
Mjög lítilla verðmæta að vænta af verkefni.	Lítilla verðmæta má vænta af verkefni. Bætur litlu við það sem þegar er þekkt.	Nokkurra verðmæta má vænta af verkefni. Þörf er lítil.	Talsverðra verðmæta má vænta af verkefni. Þörf lítil.	Mikilla verðmæta má vænta af afurð verkefnis. Þörf mikil.	Mjög mikilla verðmæta má vænta af afurð verkefnis. Þörf mikil.

Bolmagn til að hagnýta niðurstöður

Litlar líkur á hagnýtingu		Nokkrar líkur á hagnýtingu		Miklar líkur á hagnýtingu	
Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði er ekki til staðar.	Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði er lítið	Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði er ekki mikið en áætlun um hagnýtingu niðurstaðna á markaði liggur fyrir.	Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði er takmarkað en líklegt er að fyrirtæki geti hagnýtt niðurstöður á markaði.	Fyrirtæki sem mun hagnýta niðurstöður á markaði er samstarfsaðili í verkefninu og hefur nokkurt bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði.	Fyrirtæki sem mun hagnýta niðurstöður á markaði er samstarfsaðili í verkefninu og hefur mikið bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði.

Tenging við stefnu sjóðsins

Ekki til staðar	Lítill tenging	Takmörkuð tenging	Talsverð tenging	Mikil tenging	Mjög mikil tenging
Engin tenging við stefnu sjóðsins.	Sagt er frá tengingu við stefnu sjóðsins en ekki útskýrt í hverju það felst.	Sagt er frá tengingu við stefnu sjóðsins og útskýrt í hverju tengingin felst.	Verkefnið er með beina tengingu við stefnu sjóðsins. Mælikvarðar verkefnis tengjast ekki stefnunni.	Verkefnið er með beina tengingu við stefnu sjóðsins og mælikvarðar verkefnis tengjast óbeint stefnunni.	Verkefnið er með beina tengingu við stefnu sjóðsins og mælikvarðar verkefnis tengjast með beinum hætti stefnunni.

5.1.3 Framkvæmd

Framkvæmd er metin í 2 liðum þar sem verið er að meta hvort áætlun verkefnis sé raunhæf ásamt því er metið hvert gildi samstarfs í verkefninu sé. Leitast er við að meta líkur á að framkvæmd verkefnisins nái fram að ganga eins og aðstandendur verkefnisins hafa lýst því fyrir verkefnið í heild sinni.

Verk, tíma og kostnaðaráætlun

Óraunhæfar áætlanir	Frekar raunhæfar áætlanir		Raunhæfar áætlanir
Mjög litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn skortir.	Litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni töluvert ábótavant.	Nokkrar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni ábótavant.	Talsverðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn að mestu til staðar.
Góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar.	Mjög góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar.		



Gildi samstarfs

Lítið gildi		Nokkurt gildi		Mikið gildi	
Samstarf er ekki til staðar.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er lítið.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er nokkuð.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er talsvert.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er mikið.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er mjög mikið.